# svínavatn

## sumarhúsabyggð

**DEILISKIPULAG**
**1 : 2000**




### SKILMÁLAR

Allar framkvæmdir við Svínavatn skulu uppfylla kröfur byggingarreglugerðar og sérstaklega grein 6.10.4.

1. Svæðið allt verður girt fjárheldri girðingu af landeiganda. Ekki verður heimilt að girða milli lóða með vír, neti eða öðrum ónáttúrulegum efnum. Lóðahafar eru hvattir til að auka gróður á lóðarmörkum.
2. Landeigandi sér um að leggja vegi þá, sem sýndir eru á skipulagsuppdrætti eftir því sem svæðið byggist upp. Hann mun einnig sjá um gerð bílastæða fyrir hverja lóð.
3. Landeigandi sér um að vatnsleiðslu verði komið fyrir við lóðamörk hverrar lóðar og verður rennandi vatn til staðar.
4. Landeigandi sér um að merkja göngustíga innan svæðisins.
5. Sérhver lóðarhafi skal koma fyrir rotþró við bústað sinn og skal staðsetning hennar koma fram á byggingarnefndarteikningu.
6. Aðeins er gert ráð fyrir einum bústað á hverri lóð. Þeir skulu ekki vera stærri en 60 $m^2$, en heimilt verður að reisa 10 $m^2$ útigeymslu á hverri lóð og skal sýna hana á byggingarnefndarteikningu.
7. Sérhver bústaður skal vera með risi og skal mænir að öllu jöfnu vera yfir miðju húsi. Þakfletir skulu málaðir í frekar dökkum jarðarlitum og litir á öðrum flötum þannig að ekki stingi í stúf við umhverfið.
8. Samráð skal haft við arkitekt um staðsetningu bústaða á lóðum. Meginreglan skal vera sú, að mænir hússins skal liggja þvert á stefnu landhalla.
9. Lóðahöfum er skylt að stofna með sér félag, sem sjá skal um viðhald og uppbyggingu opinna svæða og leiksvæða í samráði við landeiganda.

Borg, 30. sept 1997

ODDVITINN
8713
Grímsneshreppi

Böðvar Pálsson

Deiliskipulag samþykkt á fundi sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshr. 4. nóv. '98 skv. bréfi til Skipulagsst. 19. nóv. '98.
AHT

**Guttormur Magnússon, arkitekt FAÍ, sími: 678171.**